

**Nd.**

## **216. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 5 9. jan. 1935, um tollundanþágu fyrir tunnuefni og hamp.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Í stað „1937“ í 1. gr. laganna komi: 1940.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1938.

### **Greinargerð.**

Með frumvarpi þessu er í rauninni aðeins farið fram á framlengingu laga nr. 5 9. jan. 1935, um tollundanþágu fyrir tunnuefni og hamp, en í lögnum er tollundanþágan ákveðin til ársloka 1937. Má vísa til sömu raka nú og þá, er lögin náðu samþykki.

Tunnusmiði í landinu fullnægir ekki náðarnærri þörf landsmanna, og þá einkum sildarsaltenda, á tunnum. Má telja, að árlega þurfi um 200 þús. tonn til sildarsöltunarinnar. Af þessari tunnutölu eru smíðaðar héraendis 60—80 þús. Á síðari árum hefir sumstaðar verið lagt kapp á að auka tunnusmiði, t. d. á Akureyri, þar sem atvinnuþörf verkalýðsins er og hefir verið mjög aðkallandi. Í vetur er gert ráð fyrir, að smíðaðar verði um 60 þús. sildartunnur í tunnuverksmiðju Akureyrarkaupstaðar. Er hér um einhverja heppilegustu atvinnubótavinnu að ræða, sem framkvæmd er þann tíma árs, er minnst er um aðra atvinnumöguleika fyrir allan þorra verkamanna.

Slíkri tunnugerð yrði skiljanlega mikill styrkur í tollundanþágu þeirri, sem hér er farið fram á, en þjóðfélaginu í heild er tryggður meiri hagur óbeint með undanþágunni en sem nemur tekjurýrnun þeirri, sem rikissjóður hlýtur í bili.

Svipað má segja um tollundanþágu á hampi, enda hefir forstjóri Veiðarfæra-gerðar Íslands eindregið lagt til, að slík framlenging á tollundanþágu fengist.